

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Hermannsson	Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Skeljungur rekur olíubirgðastöð við Hafnarbraut á Raufarhöfn. Alls eru í stöðinni þrjú olíugeymar; heildarrýmd geyma er 2.213 m³. Tveir geymar eru í notkun þ.e. skipagasolíugeymir (MGO) sem rúmar 880 m³ og gasolíugeymir sem rúmar 193 m³ og hafa þeir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum.

Skipadísilolíugeymirinn (MDO) sem rúmar 1.140 m³ hefur verið tekinn úr notkun og skal hreinsa og botnþykktarmæla hann áður en geymirinn verður aftur tekinn í notkun.

Geymarnir eru staðsettir í olíuheldri mengunarvarnarpó, sem er jarðvegsþró. Þróin er þétt og er rigningarvatni reglulega tappað af henni þar sem tjarnir myndast eftir miklar rigningar.

Löndunarlagnir voru síðast þrýstiprófaðar árið 2010 en eru ekki lengur í notkun. Lagnirnar hafa verið blindaðar á bryggju. Þrýstiprófa þarf lagnirnar áður en þær verða aftur teknar í notkun.

Á lóð birgðastöðvarinnar er auk þess steyppt plan fyrir áfyllingu og losun olíuflutningabíla og annar búnaður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 35/1994. Frárennsli er frá mengunarvarnarpónum og áfyllingarplani fer til tveggja olíuskilja. Önnur skiljan þjónustar þróna og hin áfyllingarplanið. Lokar að skiljum standa jafnan lokaðir en eru opnaðir ef vatn hefur safnast í þró.

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni. Skráningarblöð vegna núverandi mánaðar voru aðgengileg í stöðinni en blöð fyrir aðra mánuði ársins eru send til Reykjavíkur og skönnuð inn í skjalakerfi Skeljungs. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni reyndust í lagi.

Olíuskilja var þjónustuð þann 3. október 2016 og þar sem nær engin starfsemi er í stöðinni er lítið álag á olíuskiljur.

Prófun á olíu í frárennsli olíuskiljanna fór fram í eftirlitinu. Olíupróf (Macherey Nagel) var gert á staðnum og stóðust þær báðar prófunina. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Ísogsefni var til staðar í stöðinni.

Gengið var um stöðina og myndir teknar. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg á að líta.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila.

Deiliskipulag hefur ekki verið útbúið fyrir olíubirgðastöðina. Starsleyfi stöðvarinnar gildir til 31. janúar 2018.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.09.2017

Gottskálk Friðgeirsson